



Ársskýrsla Byggðasafns Hafnarfjarðar 2014



I N N G A N G U R

Byggðasafn Hafnarfjarðar var stofnað í janúar 1953 þegar bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að stofna Byggðasafnsnefnd og setja 10.000 kr. til byggðasafns undir liðinn „Hellisgerði og fleira“ í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs. Það var öðrum fremur lögregluvarðstjórinn Gísli Sigurðsson sem var hvatamaður að stofnun safnsins en samkvæmt viðtali sem tekið var við hann á þessum tíma var hlutverk safnsins „að safna saman og varðveita frá glötun gamla muni, sagnir og myndir úr atvinnu- og menningarlífi Hafnfirðinga fyrir á tímum, eins gömlum og til næst, og koma þessu

fyrir í safninu.“ Í þeirri stofnskrá sem safnið vannur eftir í dag er hlutverkið skilgreint á eftirfarandi hátt: „Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka muni og minjar um menningarsögu svæðisins og kynna þær almenningi. Minjasvæði Byggðasafnsins er Hafnarfjörður og nágrenni hans.“ Safnið hefur verið trútt þessu hlutverki sínu þau rúmu 60 ár sem það hefur starfað í bænum og býr í dag yfir gríðarlega stórum og merkilegum safnkosti, bæði munum og ljósmyndum. Þá hefur safnið einnig lagt mikið uppúr því að safna upplýsingum um

sögu og þróun bæjarins, meðal annars vegna húsa-skráningar og fornleifa-skráningar safnsins í bæjarlandinu en einnig í gegnum Evrópuverkefni sem safnið er þáttakandi í og miðar að því að safna sögum af lífinu á saltfiskreitunum. Með þennan safnkost að vopni hefur safnið sinnt miðlunarhlutverki sínu á margvíslegan hátt og haldið á lofti sögu og menningu bæjarfélagsins og samfélagsins sem hér hefur lifað og starfað í gegnum aldirnar. Auk þess að standa fyrir hefðbundnum sögusýningum hefur safnið sinnt miðlunarhlutverkinu með

ýmsum öðrum hætti, svo sem með sögugöngum, viðburðum og sýningum utan safnsins. Oft getur verið erfitt að setja mælistikur á árangur í starfi safns en ein leið til þess er að gera viðhorfskönnun meðal gesta safnsins. Þetta var gert á Byggðasafni Hafnarfjarðar á liðnu ári og kom þar fram mikil ánægja með starfsemi safnsins. Útkoma þessarar könnunar verður notuð í starfi safnsins til að ýta enn undir metnað og faglegt starf og sem hvatning til að gera enn betur á komandi árum.

S Ý N I N G A R

Byggðasafn Hafnarfjarðar heldur að jafnaði úti níu sýningum í sex húsum; Pakkhúsinu sem er aðal sýningahús safnsins, Sívertsens-húsinu, Bookless Bungalow, Beggubúð, Siggubæ og Góðtemplarahúsinu auk ljósmyndasýningar á Strandstígunum.

PAKKHÚSIÐ

Í Pakkhúsinu voru fjórar sýningar á árinu 2014. Aðalsýningin var sýningin

„Þannig var...“ þar sem sem saga Hafnarfjarðar og nágrennis er rakin frá landnámi til okkar daga með aðstoð sagnfræðilegra texta, ljósmynda, teikninga, kvikmynda og fjölda muna er glæða söguna lífi. Þar er hægt að fræðast um þýska og enska tímabilið í sögu bæjarins, verslunarsöguna, útgerðarsöguna, hernámið, kvikmyndahúsin og margt fleira. Á árinu 2014 var sýningin uppfærð og þróuð að nokkru leyti og þá helst með endurhönnun vegg-

spjalda og mynda á jarðhæð ásamt uppsetningu á ljósmyndavélasafni Jóhannesar Long sem hann færði Byggðasafni Hafnarfjarðar fyrir á árinu.

Á efstu hæð Pakkhússins er að finna leikfangasýningu safnsins. Sýningin, sem hið margverðlaunada enska sýningafyrirtæki Janvs Ltd. hannaði, er sérstaklega ætluð börnum en höfðar ekki síður til þeirra sem eldri eru. Á Byggðasafni Hafnarfjarðar er varðveitt stórt safn leikfanga og er hluti þess á sýningunni. Mununum er skipt reglulega út og bætt í og því er alltaf eitthvað nýtt að sjá á leikfangasýningunni.

Í forsal Pakkhússins eru settar upp nýjar þema- og farandsýningar á hverju vori og standa þær sumarlengt. Þeim er ætlað að varpa ljósi á ákveðin

tímabil eða atburði í sögu bæjarins og nágrenni hans en þó eru þar einnig settar upp farandsýningar annars staðar frá. Á árinu 2014 var þar sýningin „Þá hljómuðu kirkjuklukkurnar út yfir bæinn“. Sýningin var sett upp að því tilefni að á árinu 1913 var Fríkirkjan í Hafnarfirði reist og á árinu 1914 var Þjóðkirkjan reist. Fram til ársins 1913 var sóknarkirkja Hafnfirðinga að Görðum á Álftanesi. Þegar Hafnarfjörður fékk kaupstaðaréttindi árið 1908 þótti ekki við hæfi að hafa kaupstaðinn kirkjulausan og hófst þá það ferli að byggja kirkju í bænum. Í miðju því ferli klofnaði söfnuðurinn í kjölfar prestkosningar og var þá Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði stofnaður. Þessari sögu var gerð skil á sýningunni sem prýdd var fjölda ljósmynda og muna er tengjast þessum viðburðum auk sagnfræðilegra



texta og kvikmyndabúta. Þá var á miðhæð Pakkhússins sett upp sýningin sem tengd var íþróttasögu bæjarins. Þar er saga íþróttahreyfingarinnar í bænum rakin allt frá stofnun fyrsta íþróttafélags bæjarins, Glímufélagsins Hjaðninga, til okkar daga.

Í samvinnu við Háskóla Íslands var útbúið skólaverkefni fyrir fasta-sýninguna sem ætlað er 4. bekk grunnskóla og tengt námsefni þess árgangs. Í upphafi vetrar var það kynnt skólafirvöldum í bænum og hefur verkefnið verið vinsælt og reynst vel.

SÍVERTSENS-HÚSIÐ

Sívertsens-húsið er elsta hús Hafnarfjarðar, byggt á árunum 1803-1805 af Bjarna Sívertsen. Hann var mikill athafnamaður í Hafnarfirði á árunum 1794-1830 og rak þá útgerð, verslun og skipasmíðastöð í bænum. Bjarni var einn af fyrstu Íslendingunum til að fá verslunarleyfi hér á landi eftir daga einokunarverslunarinnar og hefur hann fengið viðurkefnið „faðir Hafnarfjarðar“. Húsið hefur verið gert upp í upprunalega mynd og er þar sýnt hvernig yfirstéttar-fjölskyldan í Hafnarfirði bjó í byrjun 19. aldar, auk þess sem varpað er ljósi á merkilega sögu Bjarna Sívertsen og fjölskyldu hans. Sýningin sem í húsinu er var að grunni sett upp á

200 ára verslunarafmæli Bjarna árið 1994 en á henni hafa verið gerðar veigamiklar breytingar árin 1999, 2000, 2007 og 2013.

BEGGUBÚÐ

Í Beggubúð er verslunarminjasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar. Húsið, sem byggt var árið 1906, stóð áður við aðal verslunargötu bæjarins en var flutt á lóð safnsins, gert upp og opnað sem sýningahús árið 2008. Búðin er þrískipt og sýnir leikfangaverslun, raftækjaverslun og vefnaðarvöru- og fataverslun. Á hverju ári er sett upp ný glugga-útstilling auk þess sem sérstök jólaútstilling er sett upp á adventunni.

BOOKLESS BUNGALOW

Bungalowið var byggt sem íbúðarhús fyrir skosku bræðurna Harry og Douglas Bookless árið 1918 en þeir ráku umfangsmikla útgerð frá Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar og voru þá langstærstu atvinnurekendur í bænum. Eftir daga Bookless Bros tók annað breskt fyrirtæki, Hellyer Bros Ltd, frá Hull við eignum fyrirtækisins og rak blómlega útgerð um tíma. Húsið var opnað sem hluti af Byggðasafni Hafnarfjarðar eftir endurbætur árið 2008 og er þar að finna sýningu um tímabil erlendu útgerðanna í Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar auk

þess sem þar má sjá stásstofu þeirra Bookless-bræðra.

SIGGUBÆR

Erlendur Marteinsson sjómaður byggði Siggubæ árið 1902. Dóttir hans, Sigríður Erlendsdóttir, var tíu ára gömul þegar hún flutti í húsið og bjó þar allt til ársins 1978, þegar hún fluttist á elli- og hjúkrunarheimilið Sólvang. Bær hennar er varðveittur sem sýnishorn af heimili verkamanna- og sjómannaheimili í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar, þar sem hægt er að upplifa og kynna því hvernig alþýðufólk í bænum bjó á þeim tíma. Á árinu 2005 var sett upp ný sýning í skúrnum við Siggubæ sem stendur enn lítið breytt og ber heitið „*Eru álfar kannski menn?*“ Þar eru sagðar hafnafirskar álfasögur auk þess sem reynt er að útskýra þjóðtrúna og upphaf hennar.

STRANDSTÍGURINN

Á strandstígunum meðfram höfninni í Hafnarfirði er Byggðasafn Hafnarfjarðar með sýningaastöðu. Þar eru settar upp ljósmynda-sýningar er varpa ljósi á dagleg störf og sögu fólksins sem bæinn byggði. Á árinu 2014 var sett upp sýning á 52 ljósmyndum eftir Ólaf V. Davíðsson sem teknar voru í Hafnarfirði á árunum 1910—1915. Sýningin var

unnin uppúr filmusafni sem fannst undir gólfjöllum í Sívertsens-húsinu árið 2013 en Ólafur bjó í húsinu um tíma. Hann vann sér það m.a. til frægðar að vinna fyrstu Íslandsglímuna 1906, hann var verkstjóri hjá Bookless-bræðrum og rak svo um árabil eigin fiskverkun í bænum.

GÓÐTEMPLARAHÚSIÐ

Góðtemplarahúsið, sem í daglegu tali er kallað Gúttó, var byggt árið 1886 og þótti stórt, rúmaði um 300 manns en þá bjuggu rúmlega 400 manns í Hafnarfirði. Góðtemplarahúsið var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnafirðinga og um langan tíma miðstöð allrar menningar í bænum. Þar fór fram félagsstarf Góðtemplarareglunnar, auk funda og skemmtana annarra félaga. Húsið ein hýsa sýningar safnsins er snúa að íþróttafélags- og menningarsögu bæjarins en sökum fjárskorts, bæði er snýr að viðgerð hússins og sýningagerð var engin sýningastarfsemi þar á árinu 2014 en þó var húsið nýtt fyrir einstaka aðra viðburði.



VIÐBURÐIR

SAFNANÓTT

Safnanótt sem er hluti af Vetrarhátíð höfuðborgarstofu var haldin 8. febrúar og voru hús safnsins þá opin frá klukkan sjö og fram til miðnættis. Var boðið uppá leiðsagnir um sýningarnar auk þess sem Annríki, þjóðbúningar og skart, var með þjóðbúningakynningu – sýningu og spjall í Sívertsens-húsinu þar sem hinir ýmsu búningar voru sýndir og það handverk sem þeim fylgir. Þá hélt þjóðlagahópurinn Gljúfrabúar tónleika í Pakkhúsinu en þau lögðu áherslu á flutning íslenskrar þjóðlagatónlistar. Einnig var boðið uppá sagnakvöld þar sem sagnapulurinn Sigurbjörg Karlsdóttir brá upp svipmyndum af lífi genginna kynslóða og sagði sögur.

BJARTIR DAGAR

Á lista- og menningarhátíðinni Björtum dögum, sem haldin var 23. – 27. apríl voru nokkrir viðburðir á vegnum Byggðasafnsins og tengdir því. Ber þar fyrst að telja að á Sumardaginn fyrsta voru öll hús safnsins opin og boðið var uppá leiðsögn um sýningarnar. Þá stóð Byggðasafnið fyrir sögugöngu um gamla bæinn þar sem Ingvar Viktorsson, frv. bæjarstjóri Hafnarfjarðar, leiddi gönguna. Um kvöldið voru haldnir miklir kántrýtónleikar í Gúttó þar sem meðal annarra tróðu upp Hallur Joensen, Kristína Skoubo Bærndsen, Evi Tausen og Magnús Kjartansson. Um helgina var svo boðið uppá minjagöngu um Straumsvæðið í leiðsögn Jónatan Gardarssonar, baðstofuleikrit í hljóðvarpsflutningi í



Pakkhúsinu um Rannveigu Sívertsen og eftirstríðsára dansleik í Gúttó þar sem Stefán Ómar og swinghljómsveit hans léku fyrir dansi. Auk þessa stóð safnið fyrir skyggni-lýsingarfundum í samvinnu við Báru Hilmarsdóttur miðil.

17. JÚNÍ

Á 17. júní voru öll hús safnsins opin auk þess sem Annríki stóð fyrir þjóðbúningakaffi í Gúttó í samvinnu við Byggðasafnið. Íbúar Hafnarfjarðar voru þá hvattir til að klæðast þjóðbúningum á 17. júní hátíðarhöldunum og var boðið upp á aðstoð við að festa húfur, setja upp sjöl og fleira sem tengist þjóðbúningunum áður en gengið var fylktu liði uppá Hamar þar sem hátíðardagskrá hófst.

MENNINGARGÖNGUR

Byggðasafn Hafnarfjarðar, í samvinnu við Hafnarborg og Skrifstofu menningar- og ferðamála, stóð fyrir menningargöngum um Hafnarfjörð á fimmtudagskvöldum yfir sumarmánuðina. Alls voru farnar 10 göngur, hver með sínu þema og fór þátttakan fram úr björtustu vonum. Þótti verkefnið takast einstaklega

vel og var mikil og almenn ánægja með framtakið en reikna má með að um 1.000 manns hafi sótt þessar göngur.

ÍSLENSKI

SAFNADAGURINN

Íslenski safnadagurinn var haldin hátíðlegur um land allt þann 13. júlí. Að því tilefni var blásið til hátíðar á Byggðasafni Hafnarfjarðar þar sem boðið var uppá lífandi leiðsögn og ýmsa minni viðburði. Viðburðurinn tókst afar vel og sótti mikill fjöldi gesta safnið þennan dag.

HANSAHÁTÍÐ

Laugardaginn 25. október stóð Byggðasafnið fyrir Hansahátíð og var þar fjölbreytt og áhugaverð dagskrá. Þeir Jónatan Gardarsson fjölmiðlamaður, Bjarki Sveinbjörnsson tónlistarfræðingur, Pétur Eiríksson sagnfræðingur og Stefán Pálsson sagnfræðingur héldu fyrirlestra um tímabilið auk þess sem Spilamenn Ríkís sungu og léku á forn hljóðfæri veraldlega og andlega tónlist frá Hansatímabilinu. Þá var boðið uppá veitingar í anda Hansakaupmanna og sýnd var tóvinnna þar sem ullarreyfi var skipt í tog og þel, ullin kembd og spunnin á snældu og undirbúin í vefnað og einnig var sýnd gerð gamla hringavíravirkisins eins og það var unnið í skartgripi á þessum tíma. Fjölmarginir gestir sóttu hátíðina og þóttist hún takast mjög vel.

Hafnarfjarðarbær er aðili að Alþjóðlega Hansasambandinu og er



Byggðasafnið tengiliður við þau. Bæjarminjavörður er fulltrúi Íslands í stjórn samtakana og sótti ársfund þeirra sem haldin var samhliða alþjóðlegu Hansahátíðinni í Lübeck í Þýskalandi á vormánuðum.

ÞJÓÐBÚNINGADAGUR

Á Þjóðbúningadegi 30. nóvember stóð Annríki í samstarfi við Byggðasafn Hafnarfjarðar að þjóðbúninga-samkomu í Gúttó. Nemendur á námskeiðum Annríkis voru útskrifaðir auk þess sem búningar af öllum stærðum og gerðum voru sýndir og handverkið á bak við þá kynnt.

DRAUGAGANGAN – GÖNGUM AFTUR.

Leikfélag Hafnarfjarðar setti upp leikritið „Draugagangan – göngum aftur“ í samvinnu við Byggðasafnið. Um var að ræða leikrit um hóp áhugamanna sem stunduðu draugaveiðar

og var leikritið sýnt nokkrum sinnum, bæði í Pakkhúsinu, Sívertsens-húsi og Góðtemplarahúsinu við góðar undirtektir.

20 ÁRA AFMÆLI FJARÐAR

Í tilefni af 20 ára afmæli verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar var efnt til hátíðarhalda sem hófust 27. nóvember. Við það tækifæri stóð Byggðasafn Hafnarfjarðar, í samvinnu við Fjörð, fyrir ljósmyndasýningu þar sem sýndar voru gamlar myndir er sýndu miðbæjarlífið í Hafnarfirði fyrir á árum.

JÓLADAGSKRÁ

Jóladagskrá Byggðasafns Hafnarfjarðar stendur yfir í tvær vikur og er unnin í samvinnu við leikskóla bæjarins. Hún var þannig skipulögð að leikskólabörnum er boðið í heimsókn í Sívertsens-húsið þar sem þeim var sagt frá jólahaldinu þegar Bjarni,

Rannveig, Sigurður og Járngerður Júlía bjuggu í húsinu fyrir um 200 árum. Þá var þeim til dæmis sagt frá frá eplunum og heimsókn danska krónprinsins sem þáði súkkulaði með rjóma. Að lokinni skoðunarferð um húsið slóst í hópinn ramm-

íslenskur jólasveinn sem sagði börnunum skemmtilegar sögur af sjálfum sér og bræðrum sínum auk þess að syngja, dansa og sprella með börnunum. Um 1.800 leikskólabörn tóku þátt í dagskránni að þessu sinni.




G E S T A F J Ö L D I

Fjölgun gesta er sótti safnið heim á árinu 2014 miðað við árið áður var sambærilegur við þá þróun sem verið hefur í gestakomum á safnið undanfarin ár. Alls fjölgaði gestum á milli árána 2013 og 2014 var um 6,7% og var heildargestafjöldi ársins 23.617 manns. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun gestafjöldans undanfarin ár en þess ber þó að geta að þjónustutími safnsins er minni nú en var á árunum 2008 og 2009 en þá var opið fram á kvöld á fimmtudögum, Bungalowið opið um helgar á vetrum og sumarsýningar settar upp í Gúttó.

Yfir sumarmánuðina skiptist gestirnir árið 2014

þannig að tæpur þriðjungur þeirra voru erlendir ferðamenn og rúmlega 2/3 hlutar Íslendingar. Hluttur Íslendinga eykst enn ef gestatölur yfir veturinn eru skoðaðar og stafar það ekki síst af fjölda skólahópa er sækja safnið heim. Sérstaka athygli vekur hve góðu samstarfi Byggðasafnið hefur náð við öll skólastig í bænnum og hve vel það er nýtt í tengslum við kennslu, alveg frá leikskóla og upp í framhaldsskóla. Þá var safnið einnig nýtt við ýmiskonar verkefnavinnu háskólanema, bæði í sagnfræði, safnafræði, fornleifafræði og í hagnýtri menningarmiðlun.



HÚSASKRÁNING

Byggðasafn Hafnarfjarðar er tengiliður Hafnarfjarðarbæjar við Minjastofnun Íslands og sér um hússkráningu í Hafnarfirði auk annarra verkefna er til falla vegna byggingararfsins í bænum. Er þessi vinna unnin í góðri samvinnu við Skipulags- og byggingasvið bæjarins enda er hússkráning ein af forsendum þess að deiliskipulag sé löglegt. Á árinu 2014 var einkum unnið að skráningu

húsa vegna deiliskipulagsvinnu á svæði sem kallast „Miðbær, hraun, vestur“ og afmarkast af Austurgötu, Skólabraut, Tjarnarbraut, Arnarhrauni og Reykjavíkurvegi. Þá er unnið að skráningu í gamla vesturbænum en auk þessa veitti safnið Minjastofnun Íslands og Húsafríðunarnefnd umsagnir vegna verndaðra húsa í bænum er sótt hafði verið um leyfi til breytinga á.



FORNLEIFASKRÁNING

Byggðasafn Hafnarfjarðar er tengiliður bæjarins við Minjastofnun Íslands og sér um fornleifaskráningu í landi bæjarins auk annarra verkefna er til falla varðandi fornleifar á svæðinu. Er þessi vinna unnin í góðri samvinnu við Skipulags- og byggingasvið bæjarins enda verður skýrsla um fornleifaskráningu að liggja fyrir áður en deiliskipulag fær lögfestingu og er einnig

nauðsynleg áður en gefin eru út einstök byggingaleyfi í eldri hverfum bæjarins. Á árinu 2014 var unnin fornleifaskráning á fjórum svæðum í bæjarlandinu. Fyrst ber að nefna fornleifaskráningu vegna lagningar suðvesturlínu þar sem hún mun liggja um land Hafnarfjarðar. Var þar um að ræða endurskráningu á svæði sem áður hafði verið skráð

á vegum framkvæmda- aðila en þar voru ekki allar fornleifar sem eru í eða við línustæðið skráðar. Þá voru unnar fornleifaskráningar vegna deiliskipulagsvinnu á tveimur svæðum í bænum. Annars vegar í Vesturbænum á svæði sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Hraunbrún og Vesturgötu og hins vegar í miðbæ á svæði sem afmarkast af Austur-

götu, Skólabraut, Tjarnarbraut, Arnarhrauni og Reykjavíkurvegi.

Auk þessa var unnin skráning vegna deiliskipulagsvinnu við Seltún í Krýsuvík, vaktadar ýmsar framkvæmdir við jarðrask að boði Minjastofnunar og tekin prufuskurður vegna framkvæmda á golfvelli á Hvaleyri.

EVRÓPUVERKEFNIÐ “ A PLACE AND ITS STORY ”

Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur undanfarin tvö ár verið í evrópsku samstarfi er nefnist Historical Environmental Education: „A place and its story“. Verkefni þetta, sem er styrkt af menntaáætlun Evrópubandalagsins undir merkjum Grundtvig, er samvinnuverkefni átta landa: Íslands, Svíþjóðar, Finnlands, Póllands, Belgíu, Þýskalands og Írlands. Það verkefni sem

Byggðasafnið vinnur í þessu samstarfi er að safna og skrásetja sögur af lífinu á saltfiskreitunum í bænum á síðustu öld og í framhaldinu er stefnt að því að miðla þeim sögum á skiltum við reitina. Miðlunin sjálf er þó ekki hluti af verkefninu, einungis söfnun sagnanna. Verkefnið er til þriggja ára og mun ljúka með stórráðstefnu, vorið 2015, í Dundalk á Írlandi,

ráðstefnu sem verður haldin samhliða Bridging Ages Conference 2015. Í júní 2014 stóð Byggðasafnið fyrir ráðstefnu, með þátttöku aðildarlandanna, tengdri þessu verkefni þar sem áherslan var lögð á munnlega geymd. Þar fluttu meðal annarra fyrirlestra Inga Lára Baldvinsdóttir frá Þjóðminjasafninu, Halldóra Kristinsdóttir forstöðumaður Mið-

stöðvar um munnlega sögu, Gísli Sigurðsson prófessor við stofnun Árna Magnússonar, Jón Þ. Þór prófessor við Háskólann á Akureyri og Margrét Pálsdóttir málfræðingur og kennari. Auk ráðstefnunnar sjálfar var farið í fjölda kynnisferða þar sem söfn og stofnanir voru skoðaðar og kynntar.

ÁFRAM – NÝ TÆKIFÆRI FYRIR HAFNARFJÖRÐ



Á árinu 2014 fékk Byggðasafn Hafnarfjarðar liðsauka í 6 mánuði með auka stöðugildi í gegnum atvinnuátakið „Áfram – ný tækifæri fyrir Hafnarfjörð“. Átakið var verkefni á vegum Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar sem fól í sér að skapa öllum atvinnuleitendum á fjárhagsstyrk tækifæri til endurkomu á

vinnumarkað með tilboði um tímabundið hlutastarf samhliða virkum stuðningi. Á Byggðasafninu var átakið nýtt til að ýta af stað auknum krafti í skönnun ljósmynda vegna skráningar safnsins í Sarp en starfsmaðurinn sem kom til starfa á safninu gekk þó einnig í hin ýmsu önnur störf þar.

ÞJÓNUSTUKÖNNUN

Yfir sumarmánuðina stóð Byggðasafnið fyrir þjónustukönnun meðal gesta sinna en niðurstaða hennar sýndi að almennt var mikil ánægja með miðlunarstarf safnsins. Einungis var spurt um miðlunarþátt starfseminnar og meðal þess sem gestirnir voru beðnir um í könnuninni var að gefa sýningum safnsins einkunn á skalanum 0-10. Meðaleinkunnin sem út úr því fékkst var 9,2 en ef rýnt er í þá flokka sem gestunum er skipt í má meðal annars sjá að hafnirskar konur gáfu hæstu

meðaleinkunnina eða 9,8, íslenskir gestir samanlagt 9,65 en erlendir gestir 9,0. Þá sögðu rúmlega 92% íslenskra gesta að sýningarnar hafi staðist væntingar þeirra en um 97% erlendra gesta voru á þeirri skoðun. Menntunarlutverk safna er mikilvægt og samkvæmt könnuninni er byggðasafnið að standa sig vel á því sviði þar sem 96% íslenskra gesta sögðust hafa lært eitthvað nýtt af sýningunum og 100% erlendra gesta svöruðu á sama veg.



SAGA MINJAVÖRSLUNNAR

Byggðasafn Hafnarfjarðar er þátttakandi í bókarverkefni sem fjallar um sögu byggðasafna í landinu í ritstjórn Helga Mána Sigurðssonar og Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar. Að því tilefni vann starfsfólk Byggðasafnsins að því á árinu að ská sögu safnsins allt frá stofnun 1953 til dagsins í dag. Bókinni er ætlað að vera heildstætt yfirlit yfir sögu þessara merku menningastofnanna en þessi saga hefur ekki verið skráð áður

heildstætt. Þörfin á slíku riti er mikil þar sem safnasviðið hefur á síðustu áratugum gengið í gegnum miklar breytingar sem markast meðal annars af breyttu íslensku samfélagi. Þær hafa kallað á aðrar og nýjar áherslur í starfsemi safnanna frá því að þau tóku fyrst til starfa. Bókinni er einnig ætlað að mæta vöntun á íslensku kennsluefni á háskólastigi á sviði safnafræða en þar verður saga 19 ólíkra minjasafna rakin auk almennra kafla um minjavörsluna.

L J Ó S M Y N D A S A F N I Ð

Á Byggðasafni Hafnarfjarðar er varðveitt stórt og mikið ljósmyndasafn sem unnið er að skönnun og skráningu á. Ljósmyndasafn þetta samanstendur af glerplötum, pappírmyndum, filmum, skygnum auk mannamynda á stóru vegabréfa- og ökuskyrteinasafni. Undanfarin ár hefur verið unnið að skráningu ljósmyndanna í forritið Mynddís en frá árinu 2012 hafa nýskráningar ljósmyndasafns Byggðasafnsins verið skráðar í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn, sem að hluta til er aðgengilegt á veraldarvefnum. Á árinu 2014 hófst vinna við að flytja göng á

milli þessara gagnagrunna og stefnt er að því að á árinu 2015 verði þeirri vinnu lokið með því að þau göng sem skráð voru í Mynddís verði aðgengileg í Sarpi.

Á hverju ári vex ljósmyndasafnið nokkuð en þó sjaldan eins og á árinu 2014. Tvær gjafir bera þar hæst, annars vegar filmusafn úr eigu Emils Jónssonar, frv. bæjarstjóra og ráðherra en þar var um að ræða stórt filmusafn frá ferðalögum hans um landið og spannar það yfir langt tímabil. Stærsta ljósmyndagjöf ársins var hins vegar gjöf frá Ljósmyndastofunni Mynd sem starfaði hér í

bænum um árabíl. Þar er um að ræða filmusafn ljósmyndastofunnar frá árunum 1984-2006, rúmlega hálf milljón ljósmynda.

Ljósmyndastofan Mynd var stofnuð árið 1984 af hjónunum Bjarna Jónssyni ljósmyndara og Grétu Björgvinsdóttur. Mynd var alla tíð í Hafnarfirði, fyrst á Trönuhrauni 8 en síðar í eigin húsnæði að Bæjarhrauni 26. Auk þessa barst safninu nokkur fjöldi minni safna sem innihéldu töluverðan fjölda ljósmynda.

Stærstu verkefnið sem unnið var að út frá ljósmyndasafninu á árinu 2014 voru auk sýningagerðar og vinnu á safninu,

tengd útgáfum tveggja bóka, annars vegar sögu Hafnarfjarðarkirkju og hins vegar sögu Gardabæra. Við gerð beggja þessara bóka var mikið leitað til Byggðasafns Hafnarfjarðar og ljósmyndaarfsins sem þar er varðveittur.



M U N A S A F N I Ð

Á árinu 2014 barst safninu gjafir frá 28 aðilum og voru það að mestu leyti munir frá fyrri hluta 20. aldar. Má þar nefna húsgögn smíðuð í Hafnarfirði af Stefáni Rafni Þórðarsyni húsgagnasmíðameistara, ljósmyndavélasafn Jóhannesar Long ljósmyndara, rugguhest Kjartans Jóhannssonar frv. ráðherra, orgel úr eigu

Friðriks Bjarnasonar organista, hefðbein úr Flensborgarskólanum, breskan hermannabedda, æfingalóð frá lögreglunni í Hafnarfirði, sláturbyssu úr sláturhúsinu á Víðistöðum, stórt safn leikfanga og marga fleiri góða gripi úr daglegu lífi Hafnfirðinga. Á árinu var áfram unnið að ljósmyndun, skráningu og

frágangi munasafnsins og skipulagi og frágangi muna á lager safnsins að Hringhelli. Þá má geta þess að á fastasýningu safnsins í Pakkhúsinu hafa verið settir upp sýningaskápar þar sem nýfengin aðföng eru sýnd og er þar að sjá muni af öllum stærðum og gerðum. Hugmyndin á bak við þetta er að vekja athygli sýningagesta á því að stakir hlutir úr daglegu lífi geta einnig verið safngripir og margir stakir gripir geta myndað ákveðna heild eftir að á safn er komið.

Í tilefni af 270 ára fæðingaráfmæli Rannveigar Sívertsen, var undirritaður samningur á milli Byggðasafns Hafnarfjarðar og Annríkis – þjóðbúningar og skart um að saumaður verði

faldbúningur sem unnin verður eftir lýsingum úr dánarbúi frú Rannveigar. Annríki mun gefa safninu búninginn en honum er ætlað að vera til sýnis á gínu Rannveigar í Sívertsenshúsinu og mun Annríki einnig sjá um viðhald hans eftir því sem þörf krefur. Áætlað er að faldbúningurinn verði afhentur á afmælisdegi Rannveigar árið 2016. Búningurinn verður allur handunninn eins og tíðkaðist en að þessu verki munu koma fjöldi fólks sem mun gefa alla sína vinnu við saumskap og annað sem að búningagerðinni lýtur



SJÓNVARPSKYNNINGAR

Á sjónvarpsstöðinni ÍNN var Byggðasafn Hafnarfjarðar með stutt söguleg innslög í þætti Sigurðar Þ. Ragnarssonar, “Stormað um Hafnarfjörð”. Samstarf Byggðasafnsins og þáttarstjórnenda þessa þáttar hófst á árinu 2013 en hélt áfram á árinu 2014 og voru þá gerð fjögur innslög. Meðal þess efnis sem rætt var um í þáttunum var saga

Bjarna Sívertsen, upphaf útgerðar í bænum, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og Sigríður Erlendsdóttir í Siggubæ. Vöktu þessir þættir mikla athygli og naut safnið góðs af þeirri jákvæðu umræðu sem af þeim spannst. Eitt af megin hlutverkum Byggðasafnsins er að miðla sögu sveitarfélagsins og voru þessi innslög hluti af því verkefni.



NETIÐ

Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur haldið úti facebook-síðu sem notuð er til að vekja athygli á sögu bæjarins og starfsemi safnsins. Á þeirri síðu voru jafnt birtar gamlar ljósmyndir, gamlar fréttir úr bæjarlífinu sem og auglýsingar og fréttir af starfsemi safnsins. Þessi viðbót hefur mælst mjög vel fyrir og er heimsóknunum á síðuna

sífelld að fjölga. Þá var unnið að því á árinu að hanna og setja upp nýja heimasíðu fyrir safnið þar sem meðal annars verður bein tenging við Sarp – menningasögulegt gagnasafn. Með þeirri tengingu verður hægt að leita í ljósmyndasafni byggðasafnsins á netinu en áætlað er að þessari vinnu ljúki á fyrri hluta árs 2015



